



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum, 473. mál.

Samtök iðnaðarins gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Samtök iðnaðarins mótmæla þeirri hækkun á vörugjöldum á matvæli sem frumvarpið felur í sér.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að vörugjöld á matvæli grundvallist á sykurnihaldi þeirra. Samtök iðnaðarins deila ekki þeirri skoðun, sem fram kemur í frumvarpinu, að skattlagning sykurs sé vænleg leið til að breyta neysluvenjum þjóðarinnar. Ákveði ríkisvaldið hins vegar að afla tekna með sérstakri skattlagningu matvæla geta SI tekið undir það sjónarmið að skattlagning alls sykurs sé sanngjarnari leið en sú sem nú er við lýði að því gefnu að takist að leggja sambærileg gjöld á sykur í tilbúnum vörum og á sykur sem hráefni.

Breytt fyrirkomulag við innheimtu vörugjalda af sykrudum matvælum breytir ekki þeirri staðreynd að íslensk iðnfyrirtæki munu bera stærstan hluta vörugjalda á matvæli. Framkvæmd þess kerfis sem lagt er til í frumvarpinu er afar flókin og því skiptir öllu máli að vandað verði til uppskiptingar tollskrárnúmera og álagningar á tilbúnar vörur til að komast hjá mismunum milli framleiðenda og vöruhegunda. Eins og frumvarpið er lagt fram hefur þetta alls ekki tekist.

Samkvæmt frumvarpinu er bæði framleiðendum og innflytjendum boðið upp á tvær leiðir til að standa skil á vörugjaldinu og er það ætlað til að koma í veg fyrir ofangreinda mismunum. Hugmyndin er góðra gjalda verð en gallinn er sá að framleiðendur eru mjög misjafnlega í stakk búnir til að nýta sér þessa valkosti. Í því samhengi benda SI sérstaklega á minni fyrirtæki eins og bakarí sem hingað til hafa ekki þurft að standa skil á vörugjaldi nema að takmörkuðu leyti.

Bökunarvörur eiga í harðri samkeppni, bæði innbyrðis milli framleiðenda og við innflutning. Stærð fyrirtækja á þeim markaði er mjög breytileg og þar með bolmagn til velja hagkvæmstu leið til að standa skil á gjöldunum. Minni bakaríin hafa hvorki tölvukerfi né mannskap til að framkvæma flókna skýrslugerð þannig að valkostirnir nýtast þeim ekki á sama hátt og þeim stærri. Þeim er því nauðugur einn kostur að kaupa hráefni fullu verði eða kosta miklu til aðkeyptrar þjónustu við álagningu og skil vörugjalda. Það mun því óhjákvæmilega skerða samkeppnisstöðu minni bakaría og stofna afkomu þeirra í hættu. Eina leiðin til að koma í veg fyrir þessa mismunum er að hafa álögur á tilbúnar vörur nægilega háar til að ekki verði óhagkvæmara fyrir framleiðendur að greiða vörugjaldið í hráefnisverðinu og spara þannig bæði sjálfum sér og tollinum vinnu við skrifræði.

Eins og frumvarpið er lagt fram er alveg ljóst að sykurinn kostar mun meira sem hráefni til framleiðslu heldur en innihald í fullunninni vöru. Því er óhjákvæmilegt að fara rækilega yfir viðauka með vörugjaldslögum og lagfæra þessi hlutföll þar sem



Þess er þörf. SI leggja til að tíminn fram að gildistöku laganna verði nýttur til þeirrar vinnu og ítreka boð um að taka þátt í þeirri vinnu.

SI leggja áherslu á mikilvægi þess að draga úr flækjustigi framkvæmdarinnar eins og mögulegt er og telja að besta leiðin til þess sé að sjá til þess að öll innheimta fari fram hjá tollinum en hvati til að framleiðendur innheimti sjálfir og skili vörugjöldum verði í lágmarki. Erfitt er að sjá hvernig hægt er að framkvæma álagningu vörugjalda á sætuefni svo vel fari.

Að lokum vilja SI lýsa yfir vanþóknum á starfi hins svokallaða starfshóps um endurskoðun vörugjalda á matvæli. Fagþekking þátttakenda í hópnum var ekki nýtt til að ná fram faglegri umræðu um markmið og leiðir við álagningu vörugjalda á matvæli. Þess vegna er þessi breyting á kerfinu ekki eins vel undirbúin og hægt hefði verið.

Vörugjöld á aðrar vörur en matvæli


Frumvarpið felur í sér umtalsverðar breytingar á vörugjöldum á öðrum vörum en matvælum. Þessar breytingar eru í takt við niðurstöðu starfshóps sem var að störfum sl. sumar og SI áttu fulltrúa í. Í erindisbréfi hópsins kom fram að ekki mátti gera tillögur sem draga úr tekjum ríkissjóðs af vörugjöldum og ljóst er að það takmarkaði mjög hvaða tillögur væri hægt að leggja fram. Þær breytingar sem þarna koma miðast einkum að því að samræma gjaldtöku og gera SI ekki athugasemdir við þær breytingar.

Hins vegar vilja samtökin ítreka þá skoðun sína að skynsamlegt sé að afnema vörugjöld á öllum iðnaðarvörum og að það væri í raun til hagsbóta fyrir ríkissjóð sem og neytendur. Í bókum meirihluta starfshópsins kemur fram að hópurinn sýnir því skilning aðstæður í fjármálum ríkisins eru erfiðar um þessar mundir.

Ennfremur segir í skýrslu hópsins: „Þrátt fyrir þær tillögur sem hérna eru lagðar fram teljum við að til lengri tíma litið sé hagsmunum ríkissjóðs best borgið með því að afnema vörugjald af öllum iðnaðarvörum. Niðurstaða úttektar Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst á vörugjaldi af byggingarvörum sýnir að velta þarf eingöngu að aukast um 1,1% til þess að vinna upp það tekjutap sem afnám vörugjalda myndi hafa í för með sér. Það sama mætti eflaust segja um aðra vöruflokka sem bera vörugjald. Niðurfelling vörugjalda myndi ekki eingöngu verða til hagsbóta fyrir ríkissjóð heldur líka fyrir íslenska neytendur og innlenda verslun.“

Samtökin harma að það tækifæri sem nú gafst við endurskoðun á vörugjöldum skuli ekki hafa horft til þessara sjónarmiða.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Ragnheiður Héðinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs


Orri Hauksson,
framkvæmdastjóri